



Reykjavík 9. febrúar 1977.

Starfshópur Rauðsokka um skattamál hefur kynnt sér frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt, sem nú liggur fyrir alþingi, og ákvað að ein skorða sig við þá þætti frumvarpsins, sem fjalla um jafnrétti kynja.

Rauðsokkahreyfingin hefur frá upphafi barist fyrir sérsköttun hjóna, þ.e. að hver fulltíða maður sé sjálfstæður skattþegn og greiði skatta af eignum sínum og tekjum án tillits til hjúskaparstéttar og njóti jafnframt þess réttar, sem þeirri skyldu fylgir.

Hér á eftir fara hugmyndir Rauðsokkahreyfingarinnar um skattlagningu launamanna ásamt greinargerð um helstu þætti frumvarpsins, sem snerta hana.

#### I. HVER MAÐUR SÉ SJÁLFASTÆÐUR SKATTÞEGN.

Lög um réttindi og skyldur hjóna frá 1923 kveða á um jafnræði með hjónum. Íslensk skattalög hafa hins vegar aldrei gert það. Við giftingu glatar konan vissum borgaralegum réttindum, réttinum að vera sjálfstæður skattþegn.

Um frumvarp það til laga um tekju- og eignarskatt, sem nú liggur fyrir alþingi, var sagt, að það ætti að leiðrétta þetta misrétti með sérsköttun hjóna. Við nánari athugun er þó ljóst, að svo er ekki.

5. gr. frumvarpsins hljóðar svo: "Hjónum skal reikna tekju- og eignarskatt hvoru í sínu lagi." Hún samrýmist því jafnréttiskröfum okkar. 59, 87 og 97. gr. gera það hins vegar ekki.

Í 59. gr. er gert ráð fyrir svokallaðri helmingaskiptareglu þ.e. að hjón leggi saman tekjur sínar og eignir, síðan er deilt með tveimur og hjónin greiða skatt af sínum helmingnum hvort. Við erum mótfallin þessu ákvæði og krefjumst þess, að hjón verði tveir sjálfstæðir skattgreiðendur og greiði hvort hjóna um sig skatta af tekjum sínum og eignum. Sé annað hjóna tekjulaust eða hafi litlar tekjur, skal millifæra ónýttan persónuafslátt. Með þessari einföldun fellur burt ákvæði um skattlagningu hjóna, sem eru í sambúð hluta af árinu svo og hin furðulegu ákvæði um álagningu skatta á hjón, sem skattskyld eru hvort í sínu landinu, sbr. 3.málsgr. 59.gr.

Í 87. gr. kemur fram, að höfundar frumvarpsins telja hjón áfram einn skattgreiðanda en ekki tvo. Þar segir, að fram-  
talsskylda hvíli á hverjum einstaklingi en sameiginlega á hjónum. Frumvarpið felur því eingöngu í sér nýja aðferð við álagningu skatta á hjón, en ekki ákvæði um sérsköttun hjóna, sem við teljum vera aðalatriðið varðandi jafnrétti kynja.

Í 97. gr. er kveðið á um, að álagða skatta skuli birta í einu lagi í skattskrá og tilkynningar skattýfirvalda nægi að senda öðru hjóna. Þetta ákvæði samrýmist ekki jafnréttis-  
kröfu okkar. Við viljum, að hjón telji fram hvort í sínu lagi, álögd gjöld verði birt hjá hvoru hjóna um sig í skatt-  
skrá og tilkynningar skattstjóra verði sendar því hjóna, sem við á hverju sinni.

Rök okkar fyrir sérsköttun hjóna eru þessi.

1. Yfir 60% giftra kvenna hefur sjálfstæðar tekjur. Eðlilegt er að lög miðist við aðstæður meirihlutans. Þar af leiðandi er ekkert eðlilegra, en að hvort hjóna standi skil á sköttum af sínum tekjum.

2. Hafi hjón mismunandi tekjur og skattar eru teknir beint af launum einstaklinga eins og nú er, þýðir helmingaskiptareglan, að það hjóna, sem hefur minni tekjur, á það á hættu að vera í sífelldri skuld við gjaldheimtuna. Hætta er einnig á því, að gengið verði á séreign þess hjóna, sem minni tekjur hefur, og það verði enn háðara hinu fjárhagslega en nú er.

Rök okkar..... frh.

3. Réttur húsmæðra er á engan hátt meiri þótt þær séu skattlagðar fyrir helmingi launa eiginmannsins. Það tryggir ekki, að þær fái þau laun til umráða, heldur er hér verið að leggja á þær kvöð, sem þær eru ekki í aðstöðu til að standa við á eigin spýtur. Sjálfsagt er, að þeir, sem vinna heimilisstörf séu sjálfstæðir skattborgarar, þótt þeir hafi ekki beinar launatekjur. Til þess að tryggja, að persónuafsláttur þeirra ónýtist ekki, skal millifæra hann, sem greiðslu á sköttum hins, ef einhverjir eru.

## II. PERSÓNUAFSLÁTTUR VERÐI HINN SAMI FYRIR ALLA.

Persónuafsláttur skal vera hinn sami fyrir alla einstaklinga hvort heldur þeir búa í hjúskap eða ekki. Frumvarpið gerir ráð fyrir minni persónuafslætti fyrir hjón en tvo einstaklinga, sbr. 63. gr. Við teljum óeðlilegt, að skattbyrði fólks aukist gangi það í hjúskap. Benda má á, að útgjöld hjóna eru yfirleitt tvöföld. Þau greiða bæði í lífeyrissjóð, stéttarfélagsgjöld, þau bera hvort um sig kostnað við að komast til vinnu og njóta ekki fyrirgreiðslu hins opinbera varðandi barnagæslu. Hafi minni persónuafsláttur einhvern tíma átt rétt á sér hjá hjónum en 2 einstaklingum, á hann það ekki lengur. Fráleitt er að fella burt ákvæði um 50% frádrátt af launatekjum kvenna í hjúskap, nema fullur persónuafsláttur komi í staðinn. Með því er jafnrétti borgara vegna skattlagningar best tryggt.

## III. ÓNÝTTAN PERSÓNUAFSLÁTTUR HJÓNA OG SAMBYLISFÓLKS SKAL MILLIFÆRA.

Eina undantekningin frá algjörri sérsköttun í hágmyndum okkar er ákvæði um millifærslu persónuafsláttar. Eðlilegt er, að annað hjóna geti unnið inni á heimilinu án þess að glata persónuafslætti sínum. Mun þar einkum vera um að ræða fólk með ung börn á framfæri og aldrað fólk.

IV. BARNABÆTUR (persónuafsláttur barna) VERÐI RAUNHEFAR  
OG SAMA UPPHÆÐ FYRIR ÖLL BÖRN OG SKIPTIST ÞÆR JAFNT  
MILLI HJÓNA OG SAMBYLISFÓLKS.

Sama ákvæði gildi um millifærslu barnabóta og um persónuafslátt sbr. lið III.

V. FRAMFERENDUR, SEM VINNA UTAN HEIMILIS, FÁI AFSLÁTT  
VEGNA BARNA. LÁGMARKSVIÐMIÐUN SÉ GJALD Á OPINBERUM  
DAGVISTARSTOFNUNUM. EINNIG VERÐI HEIMILT AÐ VEITA  
AFSLÁTT, EF Á HEIMILI ER FÓLK, SEM SAKIR SJÚKLEIKA  
EDA ELLI, ÞARFNAST SÉRSTAKRAR UMÖNNUNAR.

Í 64 gr. er fjallað m.a. um heimilisafslátt. Við teljum ekki rétt, að barnlaus hjón fái sérstakan afslátt vegna útivinnu beggja fremur en tveir einstaklingar. Hins vegar álitum við að allir, sem hafa börn á sínu framfæri og vinna utan heimilis, eigi að fá verulegan afslátt vegna kostnaðar við gæslu barna.

VI. SKATTFRJÁLS EIGN HJÓNA VERÐI HIN SAMA OG TVEGGJA  
EINSTAKLINGA.

Í 79. gr. er gert ráð fyrir, að skattlaus eign hjóna verði 9 millj., en tveggja einstaklinga 12 millj. Varðandi álagningu eignarskatts hjá hjónum greiði hvort hjóna eignarskatt af sínum eignum.

LOKAORD.

Við höfum áður tekið fram, að við höfum ein skorðað okkur við þau atriði frumvarpsins, sem snerta jafnrétti kynja. Við getum þó ekki látið hjá líða að benda á eftirtalin atriði.

1. Lágmarkslífeyrir verði skattlaus.

Lágmarkslífeyrir einstaklinga er umdeildanlegur. Þó hlýtur hverju sinni að vera hægt að finna þá upphæð sem einstaklingur þarf sér til lífsviðurværis í nútímapjóðfélagi. Einnig væri æskilegt að taka tillit til þess, hversu margar vinnustundir liggja að baki launatekjum einstaklings, áður en þær eru skattlagðar.

2. Ákvæði um 2% launaafslátt af starfstengdum tekjum manna, sbr. 64. gr., 2. tl., kemur svo ójafnt niður, að upptaka hans í stað allra þeirra frádráttarliða, sem gilda skv. nágildandi lögum og bent er á í athugasemðnum við frumvarpið, bls. 44, er ekki réttlæt看leg.

3. Fráleitt er að skattleggja fengið meðlag, sbr.7.gr.2.tl.

Meðlag er ekki tekjur, heldur mótframlag þess foreldris, sem ekki hefur barn hjá sér, til þess, sem annast uppeldi barnsins.

4. Í sambandi við 25% vaxtaafslátt af greiddum vöxtum er rétt, að tekið sé tillit til þess í hvaða framkvæmdum fólk stendur (64. gr. 3.tl.).

F.h. Rauðsokkahreyfingarinnar

Kristín Ingvorsdóttir  
Helga Ingvorsdóttir  
Hólar Helgadóttir